

# Samþykkt

## fyrir girðingarfelag Skálholts-, Torfastaða- og Úthlíðarsókna og Múla í Haukadalssókn.

Hreppsnefndin í Biskupstungnahreppi í Árnessýslu hefir, samkvæmt lögum 10. nóvbr. 1913, um girðingar, gjört eftirfarandi samþykkt fyrir girðingarfelag Skálholts-, Torfastaða- og Úthlíðarsókna og Múla í Haukadalssókn.

### 1. gr.

Með samþykkt þessari ákveður girðingarfelagið að setja á næsta vori gaddavirsgirðingu lögum samkvæma austan úr Tungufjöti fyrir austan Múla vestur í Brekkugirðingu milli Brekku og Miðhúsa fyrir neðan bæina Múla, Austurhlíð, Strillu, Hrauntún, Úthlíð og Miðhús.

### 2. gr.

Í girðingarfelaginu eru allir í Skálholtssókn ofan Hvítár, Torfastaðasókn, Úthlíðarsókn og Múla í Haukadalssókn, sem nú hafa jörð til ábúðar og eftirleiðis, svo og aðrir þeir heimilisfastir menn á girðingarsvæðinu, er fjenað hafa undir höndum.

### 3. gr.

Öllum kostnaði við lagning girðingarinnar, árlegum viðhaldskostnaði, vöxtum og afborgunum af láni því, er til girðingarinnar kann að verða tekið, svo og helming vaxta, afborgana og viðhaldskostnaðar af fyrnefndri Brekkugirðingu, er liggur austan úr Andalæk vestur í Brúará og sem sett var vorið 1912, skal jafnað niður á fjelagsmenn eftir tölu sauðfjár og ótaminna hrossa, sem fjelagsmenn hafa á fódri þá er miðsvetrar fódur- og fjárskoðun fer fram næst áður. Á hvert hross skal lagt jafnt og á 5 sauðkindur.

### 4. gr.

Nú fóðra fjelagsmenn sauðje eða hross, sem aðrir eiga, og skulu þeir þá greiða girðingargjald af því, samkv. 3. gr., en tilkall eiga þeir til endurgjalds frá eigendum.

## 5. gr.

Kosnir skulu 5 fjelagsmenn til 6 ára í senn til að hafa á hendi stjórn fjelagsins. Skulu þeir hafa eftirlit með því, að girðingin sje ætíð í góðu standi, einnig Brekkugirðingin, jafna niður hinum árlega kostnaði og innheimta hann, og að öðru leyti annast um alt það, er að girðingunni lýtur.

78

7. júní.

## 6. gr.

Ef stjórnarmaður deyr eða fer af öðrum ástæðum úr stjórninni áður en kjörtími hans er á enda, skal þegar kjósa mann í stjórnina í hans stað til þess tíma, er eftir var af kjörtíma hans.

## 7. gr.

Fjelagsmenn hafa allir jafnan atkvæðisrjett um þau mál, er girðinguna varða.

## 8. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum, kr. 2—20, sem renna í sveitar-sjóð. Mál útaf brotum á henni skal farið með sem almenn lögglumál og annast stjórn fjelagsins um rekstur slíkra mála.

Samþykkt þessi er hjermeð staðfest til að öðlast þegar gildi, og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

**I stjórnarráði Íslands, 7. júní 1915.**

Í fjarveru ráðherra.

**Kl. Jónsson.**

*Jón Hermannsson.*